



## Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

**106. fundur skóla- og frístundaráðs, 12. okt. 2016, sjá [fundargerð](#)**

9. liður

**Í tengslum við skýrsluna [Talþjálfun barna í leik- og grunnskólum](#), dags. 13. maí 2016.**

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum fagnar tillögum starfshóps um talþjálfun barna og að nú sé skýrt hvað sé á ábyrgð ríkis og hins vegar sveitarfélags varðandi málefni barna með þörf fyrir talmeinaþjónustu barna. Áheyrnarfulltrúi foreldra vill minna á að enn eru nokkur málefni barna á svokölluðu gráu svæði hvað varðar verkskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu, má þar nefna börn með þörf fyrir sérfræðiþjónustu, börn með fjölþættan vanda og börn með ADHD greiningu. Mikilvægt er nú að borgin veiti þessa grunnþjónustu, börn eiga bara eina æsku.